

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 237/1998 um ríkisábyrgðir, Ríkisábyrgðasjóð og endurlán ríkisins.

#### 1. gr.

17. gr. orðast svo:

Ábyrgðargjald skv. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir nemur 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 8. gr. laganna. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

#### 2. gr.

18. gr. orðast svo:

Undanþegnar gjaldskyldu ábyrgðargjalds skv. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir eru eftirtaldar skuldbindingar og stofnanir:

1. Skuldbindingar sem áhættugjald hefur verið greitt af við afgreiðslu láns eða ábyrgðar.
2. Skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum.
3. Skuldbindingar vegna útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð.
4. Eftirlauna- og lífeyrisskuldbindingar.
5. Almennar viðskiptaskuldir, þ.e. skuldbindingar þar sem ekki liggur fyrir skuldarviðurkenning í formi lánessamnings, útgefins skuldabréfs eða víxils.
6. Seðlabanki Íslands er undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.
7. Íbúðalánasjóður er undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.
8. Lánasjóður íslenskra námsmanna er undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 2. júlí 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Marianna Jónasdóttir.*